

Niðurstöður aðalfundar Beru hf., 13. maí 2026

Aðalfundur Beru hf., var haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hinn 13. maí 2026, kl. 16:00.

Niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur (dagskrárliður 2).

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár var lagður fram og samþykktur.

2. Kjör stjórnar (dagskrárliður 3).

Á fundinum var stjórn félagsins sjálfkjörin.

Stjórnin er því skipuð eftirfarandi:

- Andri Þór Guðmundsson
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir
- Magnús Árnason
- Rannveig Eir Einarsdóttir
- Sigríður Elín Sigfúsdóttir

3. Kjör endurskoðanda (dagskrárliður 4).

PricewaterhouseCoopers ehf. var endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

4. Meðferð hagnaðar félagsins á liðnu starfsári (dagskrárliður 5).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um meðferð hagnaðar félagsins á síðasta starfsári:

Stjórn Beru hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

5. Greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu (dagskrárliður 6).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu:

Stjórn Beru hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 445.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 910.000 og varaformanns kr. 605.000.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 110.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 220.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 80.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 120.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

6. Starfskjarastefna félagsins (dagskrárliður 7).

Starfskjarastefna félagsins var samþykkt með breytingum.

Breytingarnar snúa í fyrsta lagi að tilvísunum til Ölgerðarinnar verði breytt til Beru, til samræmis við nýlega breytingu á nafni félagsins. Í öðru lagi snúa þær að uppfærslum til að endurspeglar breytt skipulag og skipurit samstæðunnar. Í þriðja lagi

Annars vegar var grein 7.2 í starfskjarastefnunni breytt þannig að við ákvörðun kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda skuli miðað við að fjárhæð árlegra kaupaugreiðslna geti að hámarki numið fjögurra mánaða grunnlaunum, eða 33,33% af grunnlaunum viðkomandi.

Hins vegar var nýrri 9. gr. bætt við starfskjarastefnuna, þar sem stjórn félagsins er heimilað að samþykkja kaupréttaráætlun í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og á grundvelli hennar bjóða starfsmönnum félagsins og eftir atvikum dótturfélaga þess kauprétt að hlutum í félaginu. Á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar skal hverjum starfsmanni sem uppfyllir skilyrði þau sem vísað er til í ákvæðinu vera heimilt að kaupa hluti í félaginu fyrir að hámarki kr. 750.000 á ári hverju í þrjú ár, á verði sem ákvarðað skal í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003.

Hina breyttu starfskjarastefnu má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.berahf.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

7. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins (dagskrárliður 8).

Helgi F. Arnarson var endurkjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins.

8. Breytingar á samþykktum (dagskrárliður 9).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins:

Stjórn Beru hf. leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 4. gr. samþykktu félagsins:

- a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. heimili stjórn félagsins að hækka hlutafé þess, í einu lagi eða áföngum, um allt að kr. 119.149.761 að nafnverði og að heimildin gildi til 13. maí 2031.
- b) Heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins samkvæmt 4. mgr. 4. gr. gildi til 13. maí 2031.

Fundargerð aðalfundarins verður gerð aðgengileg á vefsíðu félagsins, <https://www.berahf.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

9. Tilnefningarnefnd (dagskrárliður 10).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna:

Aðalfundur samþykkir að koma á fót tilnefningarnefnd hluthafa í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa og leggja fram rökstuddar tillögur um frambjóðendur til stjórnar fyrir aðalfundi félagsins, að teknu tilliti til hæfni, reynslu, þekkingar, óhæðis og kynjahlutfallis með hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi. Nefndarmenn í tilnefningarnefnd skuli vera þrír og allir kosnir á aðalfundi. Stjórn félagsins skal útbúa tillögu að starfsreglum tilnefningarnefndar fyrir næsta aðalfund.